

Skjal 2b/2021

Flytjandi

Forsætisnefnd

## Reglur um þingsköp 2021 (skjal 2b/2021)

### Ræðutími þingfulltrúa og fulltrúa ríkisstjórnanna

Forsætisnefndin leggur til

*að þingmönnum Norðurlandaráðs verði veittar 3 mínútur til að kynna tillögur og nefndarálit. Að öðru leyti takmarkist ræðutími í umræðunum við 2 mínútur.*

*að forsetinn sjái til að talsmenn flokkahópa fái orðið í samræmi við stærð hópanna eftir því sem framast er kostur.*

*að nýkjörnum forseta frá Finnlandi verði veittur 10 mínútna ræðutími til að kynna formennskuáætlun í Norðurlandaráði 2022.*

*að ríkisstjórnafulltrúar hafi 5 mínútur fyrir greinargerðir eða skýringar og 3 mínútur kynna tillögur. Önnur framlög í umræðu takmarkist við 2 mínútur.*

*að forsætisráðherra Noregs verði veittur 10 mínútna ræðutími til að kynna formennskuáætlunina í Norrænu ráðherranefndinni 2022.*

### Ræðuréttur áheyrnarfulltrúa

Forsætisnefndin leggur til

*að fulltrúi Þingmannaráðs Sama hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðum þar sem ekki er tekin ákvörðun:*

2. Greinargerð utanríkisráðherranna
4. Greinargerð varnarmálaráðherranna
5. Greinargerðir samstarfsráðherranna
7. Greinargerðir samstarfsráðherranna
10. Fyrirspurnatími með samstarfsráðherrunum
12. Umræður með þátttöku gestaræðumanns
13. Leiðtogafundur forsætisráðherranna
14. Formennskuáætlun Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni 2022
- 16.1 Greinargerð ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf á sviði heilbrigðis- og félagsmála
- 17.1 Greinargerð ráðherranefndarinnar um norrænt verkefni um vinnumál framtíðarinnar 2017–2021
24. Formennskuáætlun Finnlands í Norðurlandaráði 2022

*Ræðutími fulltrúa Þingmannaráðs Sama verði 2 mínútur.*



## Ræðuréttur gesta

Forsætisnefndin leggur til

að fulltrúi Norðurlandaráðs æskunnar hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðum þar sem ekki er tekin ákvörðun:

2. Greinargerð utanríkisráðherranna
4. Greinargerð varnarmálaráðherranna
5. Greinargerðir samstarfsráðherranna
7. Greinargerðir samstarfsráðherranna
10. Fyrirspurnatími með samstarfsráðherrunum
12. Umræður með þátttöku gestaræðumanns
13. Leiðtogafundur forsætisráðherranna
14. Formennskuáætlun Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni 2022
- 16.1 Greinargerð ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf á sviði heilbrigðis- og félagsmála
- 17.1 Greinargerð ráðherranefndarinnar um norrænt verkefni um vinnumál framtíðarinnar 2017–2021
24. Formennskuáætlun Finnlands í Norðurlandaráði 2022

Ræðutími fulltrúa Norðurlandaráðs æskunnar verði 2 mínútur.

að *gestkomandi þingmenn* hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðnum Alþjóðlegt samstarf – Umræður með þátttöku gesta. Ræðutími gesta verði 2 mínútur.

að *Jens Stoltenberg* hafi rétt til að taka til máls í upphafi umræðna með þátttöku gesta. Ræðutími fyrir upphafserindi Stoltenbergs verði 20 mínútur. Að öðru leyti takmarkist ræðutími í umræðunum við 2 mínútur.

að *Jan-Erik Enestam* hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðnum Leiðtogafundur. Ræðutíminn er 5 mínútur. Að öðru leyti takmarkist ræðutími í umræðunum við 2 mínútur.

## Andsvör

Forsætisnefndin leggur til

að *þingmenn og fulltrúar ríkisstjórnanna* fái að veita andsvör við öllum ræðum.

að sá sem óskar eftir að veita andsvar við ræðu gefi merki þar um meðan á ræðunni stendur eða undir lok hennar.

að sá sem andsvarinu er beint til fái tækifæri til að svara í beinu framhaldi af því.

að 1 mínútu ræðutími gildi um andsvör.

að 1 mínútu ræðutími gildi um svör við andsvörum.

að *forseti* geti gefið sama þingmanni eða fulltrúa ríkisstjórnar allt að tvö tækifæri til andsvara í hverri umferð orðaskipta.



### **Ræðutími: Fyrirspurnatími**

Forsætisnefndin leggur til

*að þingmönnum verði veitt 1 mínúta til að leggja fram fyrirspurn.*

*að veittar verði 2 mínútur til að veita svar.*

*að forseti geti gefið þingmönnum orðið til að leggja fram framhaldsspurningu.*

### **Heimild til að ljúka umræðum**

Forsætisnefndin leggur til

*að allir tilkynntir dagskrárliðir fái þann umfjöllunartíma sem áætlaður hefur verið.*

*að forseta verði heimilt að ljúka umræðu þegar áætlaður tími er útrunninn.*

### **Sætaskipan í salnum**

Forsætisnefndin leggur til

*að þingmenn Norðurlandaráðs sitji með flokkahópum sínum. Vinstri flokkarnir sitji ef kostur er vinstra megin í salnum og hægri flokkarnir hægra megin, séð frá ræðustól.*

### **Atkvæðagreiðsla**

Forsætisnefndin leggur til

*að atkvæðagreiðsla verði rafræn ef kostur er. Sé slíkur búnaður ekki fyrir hendi verði greidd atkvæði samkvæmt því fyrirkomulagi sem almennt tíðkast á danska þinginu.*

### **Fundarskráning**

Forsætisnefndin leggur til

*að allar umræður á þinginu verði færðar skriflega og orðrétt í gerðabók og hljóðritaðar að auki.*

*Forsætisnefnd vísar að öðru leyti til Starfsreglna Norðurlandaráðs.*